

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Hljóðalind 9. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 24. nóvember 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hljóðalind 9. Í breytingunni felst að reistur verður skúr á vesturhlið hússins, 2,3 m á breidd og 5 m að lengd, samtals 12 m² að flatarmáli. Vegna nálægðar við lóðamörk skulu útveggir vera EI60 samkvæmt umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 22. desember 2020.

F.h. skipulagsstjóra,

Auður D. Kristinsdóttir arkitekt.